

# Greinargerð yfirkjörstjórnar í Sveitarfélaginu Árborg vegna sveitarstjórnarkosninga 16. maí 2026

Í kosningum til sveitarstjórnar árið 2026 voru fjórir listar í framboði, þ.e. B – listi Framsóknarflokks, C-listi Viðreisnar, D – listi Sjálfstæðisflokks og S – listi Samfylkingar og óháðra. Kosið var á hefðbundnum stöðum í Vallaskóla á Selfossi í kjördeildum I –V, í barnaskólanum á Stokkseyri í kjördeild VI og félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka í kjördeild VII.

Á kjörskrá í sveitarfélaginu voru 9.562. Fjöldi kjósenda sem greiddu atkvæði var alls 6.529 sem 68,3% kjörsókn. Alls 5.573 kjósendur greiddu atkvæði á kjörstað og 960 utan kjörfundar.

Eins og áður hefur komið fram í greinargerð yfirkjörstjórnar er framkvæmd kosninganna mun viðameiri eftir gildistöku kosningalaganna árið 2021 en í gildistíð fyrri laga og öll framkvæmd flóknari og kallar á mun meiri vinnu yfirkjörstjórnar. Þá reyndist það áskorun að nýta Vallaskóla sem kjörstað vegna mikils fjölda kjósenda og aðgengismála og að mati yfirkjörstjórnar þarf að bæta við kjördeild.

Yfirkjörstjórn reyndi að vanda vel til undirbúnings kosninganna og fræða þá starfsmenn sem komu að framkvæmd kosninganna. Einnig var haft gott samstarf við umboðsmenn framboðanna. Eru öllu þessu fólki þakkað ánægjulegt og gott samstarf.

Talning atkvæða fór nú fram í íþróttasal Vallaskóla að viðstöddum umboðsmönnum og fyrir opnum tjöldum eftir kl. 22 þegar yfirkjörstjórn rauf innsigli á inngang inn á áhorfandasvæði íþróttahússins. Af hálfu yfirkjörstjórnar var Sævar Öfjörð Magnússon tilnefndur sem talningastjóri og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir var fulltrúa aðalmanna yfirkjörstjórnar á staðnum. Þau sáu um að framkvæmd og skipulag á talningarstað væri í fullu samræmi við lög og reglugerðir sem sett eru um þá framkvæmd. Til viðbótar voru 8 starfsmenn í talningu sem voru tilnefndir úr röðum undirkjörstjóra og dyravarða. Fjöldi atkvæða í hverjum atkvæðakassa var stemmdur af og því næst blandað, þá voru atkvæði flokkuð tvisvar af sitthvorum starfsmönnum og að lokum tvítalin af sitthvoru starfsfólkinu í samræmi við reglugerð um talningu atkvæða. Af afstöðnum kosningum fóru aðalmenn í yfirkjörstjórn og talningarstjóri yfir breytt atkvæði til að kanna áhrif breytinga á skipan sveitarstjórnar. Breytt atkvæði reyndust ekki hafa áhrif á niðurröðun þeirra lista sem fengu fulltrúa í bæjarstjórn. Umboðsmenn framboðslistanna voru viðstaddir afstemmingu, flokkun og talningu atkvæða og yfirferð á breyttum atkvæðum og vafaatkvæðum. Ekki reyndist ágreiningur um vafaatkvæði. Úrslit sveitarstjórnarkosninga í sveitarfélaginu Árborg hafa verið birt af hálfu yfirkjörstjórnar á vef sveitarfélagsins

Úrlist kosninga urðu þessi: fulltr.		Atkvæði	Hlutfall	Fj. kjörina
B – listi	Framsóknarflokkurinn	1.309	20,8	2
C - listi	Viðreisn	481	7,6%	1
D – listi	Sjálfstæðisflokkurinn	3.332	52,8%	6
S – listi	Samfylkingin og óháðir	1.184	18,8%	2

Auðir seðlar voru 200 og ógildir seðlar 23 alls 223 auðir og ógildir.

Í samræmi við 119 gr. kosningalaga nr. 112/2022 hefur yfirkjörstjórn tilkynnt hinum kjörnu aðalfulltrúum og varamönnum um úrslit kosninganna og sendir hér með sveitarstjórn þessa greinagerð um úrslit kosninganna.

Selfossi, 20. maí 2026

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborg

Ingimundur Sigurmundsson, formaður

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir

